

Verkátun fyrir lokaverkefni í tæknifræði (proposal)

Nemendur í BSc námi í tæknifræði skulu leggja fram tillögu að lokaverkefni og verkátun í samráði við leiðbeinanda sinn. Átunin er hugsuð sem byrjunarskref á vinnu nemanda og jafnframt yfirlýsing hans um fyrirhugaða framkvæmd rannsóknarinnar/verkefnisins. Í átuninni á nemandi að afmarka efnið, kynna nýmæli verkefnisins, þann fræðilega grunn sem verkefnið byggir á og skilgreina rannsóknarspurningar og/eða þær aðferðir sem hann hyggst nota.

Átunin skal vera sett upp á skipulegan hátt og er æskilegt að eftirfarandi atriði eða kaflar séu til staðar eftir því sem við á:

- Forsíða – heiti verkefnis, nafn nemanda og leiðbeinanda.
- Efnisyfirlit – kaflaheiti og blaðsíðutal.
- Inngangur – Um hvað snýst verkefnið, rökstuðningur á vali verkefnis.
- Bakgrunnur – fræðilegur bakgrunnur, staða þekkingar á sviðinu, nýmæli verkefnisins, helstu heimildir eða kenningar sem byggt verður á og skilgreining hugtaka eftir því sem við á.
- Markmið – þarfagreining, hvert er markmið verkefnisins, hvaða ávinningi á það að skila, hugsanlegar rannsóknarspurningar o.s.frv.
- Framkvæmd – Hvernig á að framkæma rannsóknina/verkefnið, skipta verkefninu upp í verkþætti.
- Verk- og tímaátun – uppsett samkvæmt reglum um slíkar átlanir.
- Kostnaðarátun – fjármögnun verkefnis.
- Lokaorð – Draga saman helstu atriði.
- Heimildaskrá – skal fylgja með ef vitnað er í heimildir.